

Samantekt Sjálfsmats 2004-2005

1. Hamarsskóli sem stofnun

Eftir goslok 1973 fóru Vestmannaeyingar að huga að stofnun nýs grunnskóla í Vestmannaeyjum. Mikið uppbyggingarstarf var hafið í vesturbænum, þar risu íbúðablokkir, einbýlishús, nýr leikskóli og elliheimili, ásamt íþróttahúsi sem reist var við Brimhóla. Vegalengdin frá Dverghamri niður í bæ þótti of löng fyrir ung börn og var ákveðið að taka gjafahús frá Norðurlöndum undir smábarnaskóla. Fljótlega varð þó ljóst að byggja þyrfti stærra skólahús. Guðmundur Þór Pálsson arkitekt teiknaði nýjan grunnskóla og var 1. áfangi hans vígður 4.september 1982.

Fyrstu árin í Hamarsskóla einkenndust af miklum þrengslum og uppbyggingarstarfi. Rúmlega 200 nemendum voru í skólanum í 4 almennum skólastofum, miðrymi og bókasafni. Bekkjadeildirnirnar voru þrettán og nemendur á aldrinum 6 til 11 ára. Engin aðstaða var til verkmenntakennslu eða annarrar sérhæfðrar kennslu og var þröngt setinn bekkurinn enda skólinn þrísættinn. Foreldrafélag skólans gekk ötulega fram í að knýja á um viðbyggingu og 1984 reis b- álman og bættust þá við 11 kennslustofur. Nemendur gátu nú lokið fyrstu átta árunum í Hamarsskóla, en 9. og 10.bekkir voru í gamla Iðnskólahúsinu sem nú hýsir Listaskóla Vestmannaeyja. Fyrsti hópurinn sem útskrifaðist úr 10.bekk var árgangur '77, hann útskrifaðist vorið 1993

Mesta breytingin í húsnæðismálum skólans var 1992 þegar c-álma skólans var tekin í notkun, en hún hýsir verkmennta og stjórnunaraðstöðu skólans. Enn vantar mötuneyti og fullkomna félagsaðstöðu við skólann, en sala á matarpökkum hófst haustið 1995. Þann 6. janúar 2003 var glæsileg viðbygging Hamarsskóla tekin í notkun að viðstöddum menntamálaráðherra Tómasi Inga Olrich. Þar bættust við þrjár kennslustofur og var nú svo komið að skólinn taldist einsetinn. Þessi viðbót við húsnæði skólans gerði það m.a. kleift að kenna dans í miðrymi skólans, auk þess sem svigrúm jókst til að kalla nemendur á sal.

Frá 1982 hafa orðið miklar breytingar á starfi skólans. Aukinn kennslustundafjöldi, einstaklingsmiðað nám og skóli án aðgreiningar gera auknar kröfur til allra. Gagnvirkt námsefni og aukinn tölvukostur gefa nemendum og kennurum aukin tækifæri til fjölbreytni í námsframboði og námi.

Gæfa Hamarsskóla hefur verið hæft og áhugasamt starfsfólk, dugmiklir nemendur og foreldrar sem styðja við nemendurna og skólastarfið. Skólastjóri frá upphafi hefur verið Halldóra Magnúsdóttir. Aðstoðarskólastjóri er Sigurlás Þorleifsson.

1.1 Matstæki

Skólaárið markaðist af verkfalli kennara sem stóð í sjö vikur á haustönninni og riðlaði það m.a. sjálfsmatsáætlun skólans. Engu að síður voru lagðar viðhorfakannanir fyrir foreldra og nemendur í 4., 7. og 10. bekk. Gagna var aflað með líkaninu Grunnskólarýni, spurningalistum og kanna. Boehm- prófið var lagt fyrir nemendur í 1.bekk. Skólahjúkrunarfræðingur lagði fyrir tengslakannanir í 2. og 4. bekk. Einnig var rýnt í ýmis gögn skólans eins og t.d. skólanámskrá, starfsmannahandbók, stundaskrár og fundagerðarbækur. Svótgreining var framkvæmd meðal starfsmanna á vordögum. Olweusaráætlunin gegn einelti í skólum var sett af stað og kannað umfang eineltis á meðal nemenda í 4.-10.bekk. Að þessu sinni bættist við matskýrsla frá Háskólanum á Akureyri sem unnin var af Trausta Þorsteinssyni, Guðmundi Engilbertssyni, Sigríði Sítu Pétursdóttur, Rósu Eggertsdóttur og Braga Guðmundssyni. Einnig voru skoðaðar framfaraskýrslur Námsmatsstofnunar fyrir skólaárin 2001-2003. Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk.

1.2 Matshópur

Í skólanum eru starfandi deildarstjórar ásamt aðstoðarskólastjóra og skólastjóra og hafa þeir myndað matshóp skólans. Einnig hefur hópurinn notið aðstoðar Evu Káradóttur tölvukennara. Hópurinn stýrir matsvinnunni, gerir framkvæmdaáætlun, vinnur úr upplýsingum og annast skýrslugerð, ásamt þeim sem til eru kallaðir hverju sinni. Í hópnum eru: Halldóra Magnúsdóttir, Sigurlás Þorleifsson, Katrín Magnúsdóttir, Arnheiður Pálsdóttir og Svava Bogadóttir.

1.3 Framkvæmd matsins

Skólaárið 2004-2005 er þriðja árið sem Hamarsskóli notar sjálfsmatslíkanið Grunnskólarýni. Að þessu sinni var ákveðið að einblína á viðhorf nemenda og foreldra í 4., 7. og 10. bekk. Einnig voru starfsmannaviðtöl notuð til að kanna viðhorf og líðan starfsmanna.

Á grundvelli niðurstaðna sem lágu fyrir frá fyrri árum í skólanum bæði frá nemendum, foreldrum og kennurum fór fram umræða og áætlanagerð um breytingar á kennsluháttum. Þar er um að ræða aukna áherslu á einstaklingsmiðað nám og fjölbreytni í kennsluháttum. Einnig kom til framkvæmda Olweusaráætlunin gegn einelti í skólum. Innan hennar voru lagðir spurningalistar fyrir alla nemendur í 4.-10. bekk. Að vanda lagði hjúkrunarfræðingur fyrir tengslakönnun í 2. og 5. bekk.

Matsáætlun skólans tekur til margra þátta í skólastarfinu, fylgst er með líðan, viðhorfum og námsárangri nemenda. Viðhorfakannanir eru lagðar fyrir foreldra, auk þess sem þeir mæta í foreldraviðtöl í skólanum. Þá veitir foreldrafélagið og foreldraráð skólanum nauðsynlegt aðhald og kemur á framfæri gagnlegum athugasemdum um aðbúnaðinn og starfið. Starfsmannaviðtöl og samræður um einstaka þætti skólastarfsins eru nauðsynlegur hluti í því símati sem á sér stað.

1.4 Yfirlit yfir matsáætlun Hamarsskóla 2004-2005

Mánuður	Verkefni	Aðferð	Pátttakendur	Skil
Ágúst	Skólanámskrá	Endurskoðun		Starfsmenn
	Sjálsmatsáætlun	Kynning	4.,7.,10.bekkir	Stjórnendur
	Framfaramat	Lestur		Námsmatsstofnun
September	Stafakunnátta	Skimun	1.bekkur	Umsjónarkennarar
	Yfirlitspróf í lestri	Skimun	2.bekkur	Sérkennari/kennari
Október	Samræmd próf	Próf	4.og 7.bekkir	Námsmatsstofnun
	Boehm hugtakapróf	Skimun	1.bekkir	Sálfræðingur
	Lesskilnings og hraðapróf	Yfirlitspróf	3.bekkir 6.bekkir 8.bekkir	Kennarar
	Foreldraviðtöl	Viðtöl	Allir	Kennarar
	Kennaraviðtöl	Viðtöl		Stjórnendur
Nóvember	Svót	Hugstormun	5. og 8.bekkir	Kennarar/stjórnendur
	Stærðfræði	Skimun-talnalykill	3.bekkir 6.bekkir	Kennarar
Janúar	Námsmat	Próf/símat	Allir	Kennarar
	Lesskilnings og hraðapróf	Endurtekning	8.bekkir	Kennarar
	Læsi	Lestrarskimun	2.bekkur	Kennarar
	Foreldrakönnun	Kanni		Umsj. Tölvustofu
	Nemendakönnun	Kanni	4.,7.,10.bekkir	Deildastjórar
Febrúar	Eineltiskönnun	Olweus	4.-10.bekkir	Verkefnisstjórn
Mars	Vímuefnakönnun	Spurningalistar	9. og 10.bekkir	Ranns. og greining
	LS-próf	Lestur/stafs	3.bekkir	Kennarar
Apríl	Starfsmannaviðtöl	Einstaklingsviðtöl		Stjórnendur
	Læsi II	Skimun	2.bekkir	Kennarar
Maí	Samræmd próf	Próf	10.bekkir	Námsm.stofnun
	Grunnskólarýnir	Valdir rammar		Stjórnendur
	GRPh 14	Greinandi ritmálspróf	8.bekkir	Kennarar
	Próf/símat	Próf	Allir	Kennarar
Júní	Svót	Hugstormun	Allir starfsmenn	Stjórnendur
	Skýrslugerð	Rýni á gögnum		Stjórnendur
Allt árið	Skólanámskrá	Endurskoðun		Starfsmenn
	Starfsmannahandbók	Endurskoðun		Starfsmenn
	Talnalykill	Hóppróf/einstakl.	Skv.pörfum	Sérkennari/kennarar
	Lestrargreiningar	Hóppróf/einstakl.	Skv.pörfum	Sérkennari/kennarar
	Tengslakönnun	Einstaklingsmat	2.og 4.bekkir	Hjúkrunarfræðingur

Hér er annars vegar yfirlit yfir innra og ytra mat á starfssemi skólans og hins vegar mati á hópum nemenda. Í skólanum er lögð áhersla á að koma til móts við sérhvern einstakling út frá hans forsendum. Í íslensku og stærðfræði eru lögð fyrir skimunarpróf með reglubundnum hætti. Markmiðið er hjá yngri nemendum að finna þá einstaklinga sem kunna að búa við mál- og lestrarörðugleika svo unnt sé að hefja fyrirbyggjandi aðgerðir. Í eldri árgöngum er markmiðið að skoða hvaða námsþætti nemendur eru ekki að tileinka sér svo unnt sé að leita leiða til að koma til móts við vanda þeirra.

1.5 Niðurstöður kannana 4.bekkir

Í 4. bekk voru 14 nemendur mættir þegar könnunin var lögð fyrir, það gerir það að verkum að prósentutala hvers nemanda vegur þungt eða rúm 7%.

Hér fyrir neðan eru svör við þeim spurningum sem skáru sig úr á annan hvorn veginn og við sjáum sem helstu styrkleika og veikleika.

Nemendakönnun - 4. bekkur.

Styrkleikar:

- 1) 92% nemenda segja að foreldrar þeirra séu ánægðir með skólann.
- 2) 85% nemenda segja að krakkarnir í bekknum vilji standa sig vel.
- 3) 85% nemenda segjast aldrei stríða eða meiða aðra krakka í skólanum.
- 4) 85% nemenda segjast alltaf vinna heimaverkefni sín.
- 5) 85% nemenda segjast hjálpa til heima daglega eða 2-3 í viku.

Jákvætt viðhorf foreldra til skólastarfsins skiptir miklu fyrir velgengni nemenda í skólanum. Nemendur vilja standa sig vel og almennt eru þeir góðir hvor við annan. Þeir eru duglegir að skila heimavinnunni sinni og að hjálpa til heima.

Veikleikar:

- 1) 77% nemenda segja að það sé stundum eða aldrei góður vinnufriður í kennslustundum.
- 2) 70% nemenda segjast stundum fá aðstoð í skólanum þegar þau þurfa á henni að halda.
- 3) 69% nemenda segja að sér líði stundum eða aldrei vel í skólanum.
- 4) 62% nemenda segja að í skólanum séu frekar oft eða stundum slagsmál.
- 5) 60% nemenda segjast stundum vera óvinsæl eða oftast ein í skólanum.

Nemendur telja að vinnufriður í bekknum sé stundum eða aldrei góður. Mikilvægt er að kennarar og stjórnendur greini hvað veldur og leiti leiða til úrbóta. Einnig upplifa nemendur að þeir fái ekki alltaf aðstoð þegar þeir þurfa á henni að halda. Hér þarf að athuga vinnubrögðin í skólastofunni, sjálfstæði og virkni nemenda og undirbúning þeirra fyrir skólann. Veikleikar þrjú til fimm benda til að nemendum líði ekki nógu vel í skólanum. Greina þarf hvað veldur vanlíðan og hvað hægt er að gera til að auka vellíðan nemenda og styrkja sjálfsmyndina.

Könnunin spannaði 32 spurningar. Til að auðvelda okkur greiningu og túlkun niðurstaðna úr könnuninni flokkuðum við spurningarnar í ákveðna flokka. Flokkarnir sem við notuðum voru: **nám, kennsla, einelti, líðan og skólinn**. Þegar svörin eru greind á þennan hátt kemur í ljós að mest er ánægja nemenda með kennsluna. Í flokknum líðan **virðist okkur að of margir nemendur upplifi sig vínafáa, einmana og ekki virka þátttakendur í félagsstarfi**. Mikilvægt er að heimili og skóli taki höndum saman í að koma til móts við þá einstaklinga sem hér um ræðir.

Foreldrakönnun – 4. bekkur

Fjórtán foreldrar svöruðu könnuninni og er það sama svörun og hjá nemendum. Svör foreldra koma hér fyrir neðan flokkuð eftir styrkleikum og veikleikum. Alls voru fjörutíu spurningar sem foreldrar svöruðu.

Styrkleikar:

1. 100% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að barninu líði vel í skólanum.
2. 100% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að umsjónarkennari barnsins hafi góða yfirsýn yfir þarfir barnsins.
3. 100% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að allir nemendur fái hjálp ef þeir lenda í vandræðum.
4. 100% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að kennarar leggi metnað sinn í að kennslan sé góð.
5. 100% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að þeir treysti starfsmönnum skólans.

Veikleikar:

1. 54% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að nemendum standi til boða fjölbreytt tólstundastarf á vegum skólans.
2. 67% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að einelti tíðkist í skólanum.
3. 77% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að skólayfirvöld leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla.
4. 75% foreldra telja að samstarf við skólayfirvöld hafi batnað eða hafi lítið eitt batnað.
5. 83% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að skólanefndin sýni frumkvæði og áhuga í málefnum skólans

Unnið var með niðurstöðurnar á svipaðan hátt og var gert með niðurstöður úr nemendakönnun. Niðurstöður könnunarinnar eru í heildina mjög jákvæðar fyrir skólann og starfsfólk hans. Foreldrar eru almennt mjög jákvæðir. Þau atriði sem túlkast sem veikleikar snúa flest að þjónustu við skólann og eru hvatning til að knýja áfram um úrbætur í málefnum hans. Veikleiki tvö sker sig úr en hann varðar einelti í skólanum. Skólinn hefur þegar hafið vinnu sem á að leiða til úrbóta í því efni en það er Olweusar áætlunin gegn einelti sem nú er unnið eftir í skólanum.

Nokkurt misræmi var í niðurstöðum nemenda og foreldra. Má þar fyrst nefna að 100% foreldra telja að nemendum líði vel í skólanum en aðeins 31% nemenda telja að sér líði vel í skólanum. Í öðru lagi telja 100% foreldra að allir nemendur fái hjálp ef þeir lenda í vandræðum en 70% nemenda telja að þeir fái stundum hjálp þegar þeir þurfa á henni að halda.

Samræmd próf 4. bekkur

Samræmd próf voru lögð fyrir í febrúar og hafði þá verið frestað frá í október, vegna verkfalls kennara. Fimmtán nemendur af sextán tóku prófið. Vegna fámennis í árganginum vegur frammistaða hvers nemenda þungt. Meðaleinkunn skólans í stærðfræði var 5,5 og var það 1,4 undir landsmeðaltali, 1,1 undir Suðurkjördæmi og 1,3 undir Reykjavík. Í íslensku var meðaleinkunn skólans 5,7 og er það 1,1 undir landsmeðaltali, 0,8 undir Suðurkjördæmi og 1,1 undir Reykjavík. Árangur þessa hóps kom ekki á óvart þó vissulega ylli hann vonbrigðum. Dreifing einkunna er á bilinu 3-7,5 í stærðfræði og á bilinu 3,5-7,5 í íslensku. Það er því enginn nemandi eða nemendahópur sem togar meðaltal bekkjarins upp á við. Í hópnum eru einstaklingar sem eru truflaðir í hegðun og hópur sem á erfitt með nám af ýmsum ástæðum.

Bekkurinn hefur haft sama kennara frá upphafi og notið þjónustu stuðningsfulltrúa. Foreldrar og forráðamenn hafa einnig stutt ágætlega við bakið á nemendum. Í þessum 16 nemenda hópi eru einungis 6 nemendur sem búa hjá kynforeldrum. 10 börn eru ýmist börn einstæðra foreldra eða í fóstri. Velta má fyrir sér hvaða áhrif félagslegar aðstæður þessara barna hafa á námsárangur þeirra.

1.6 Niðurstöður kannana 7.bekkir

Nemendakönnun - 7. bekkur.

Í sjöunda bekk svöruðu 32 nemendur könnuninni af 34 sem voru á skrá. Hér fyrir neðan eru svör við þeim spurningum sem skáru sig úr á annan hvorn veginn og við sjáum sem helstu styrkleika og veikleika.

Styrkleikar:

- 1) 97% nemenda verða frekar sjaldan eða aldrei fyrir stríðni í skólanum
- 2) 97% nemenda segjast aldrei eða sjaldan taka þátt í að stríða eða meiða aðra skólafélaga.
- 3) 97% nemenda segjast vinna heimaverkefni flesta daga eða 1-3 í viku.
- 4) 94% nemenda finnst mikilvægt að ná góðum árangri.
- 5) 91% nemenda segja samskipti hjá nemendum alltaf eða frekar oft góð.
- 6) 91% nemenda segja að foreldrarnir séu ánægðir með skólann.

Nemendur virðast sjaldan eða aldrei verða fyrir eða taka þátt í stríðni. Þeir vinna heimaverkefni og finnst mikilvægt að ná góðum árangri. Langflestir segjast líka standa sig vel í skólanum. Samskipti milli nemenda virðast vera góð.

Góð samskipti heimilis og skóla eru grundvallaratriði í velgengni nemenda. Jákvætt viðhorf foreldra gagnvart skólanum er því lykill að farsælu samstarfi.

Veikleikar:

- 1) 78 % nemenda segja krakkana í skólanum sjaldan eða aldrei fara eftir reglum um útivist á veturna.
- 2) 65 % nemenda segjast fara út með vinum sínum á kvöldin flesta daga eða 1-3 í viku.
- 3) 61 % nemenda segjast óreglulega eða aldrei taka þátt í listnámi fyrir utan skólann.
- 4) 56 % nemenda segjast horfa á sjónvarp (vídeó) meira en 10 klst. á viku
- 5) 56% nemenda segja að það sé ekki alltaf farið eftir skólareglum.

Tæp 80 % nemenda segja krakkana ekki fara eftir útivistarreglum en 65% segjast sjálf fara út á kvöldin. Ljóst er að eitt af því sem skiptir mestu máli fyrir farsæla skólagöngu nemenda er að þau fái næga hvíld og svefn. Það sem við sjáum er að krakkarnir hafa aðrar hugmyndir um bekkjarfélaga sína en raunin er þegar kemur að útivist – sjá veikleikar 1 og 2. Nauðsynlegt er að mynda samstöðu meðal foreldra og sameinast um þessi mál. Meira en helmingur nemenda segist sjaldan eða aldrei fara eftir skólareglum svo þar höfum við verk að vinna.

Könnunin spannaði 30 spurningar og til að geta lesið ákveðnar niðurstöður úr henni reyndum við að flokka spurningarnar í ákveðna flokka. Eftir að við höfðum gert það áttum við auðveldar með að greina niðurstöður úr könnuninni og kom ýmislegt okkur á óvart og síðan aðrar niðurstöður sem voru í samræmi við könnun 7. bekkjar frá síðasta ári. Við sem störfum hér í skólanum höfum nú tækifæri til bæta starfið hjá okkur með tilliti til niðurstöðunnar og mun sú vinna hefjast fljótlega.

Foreldrakönnun – 7. bekkur

Tuttugu og fimm foreldra svöruðu könnuninni.

Styrkleikar:

1. 100% foreldra telja skólann hvetja barnið sitt til að skila góðum árangri.
2. 100% foreldra telja mikilvægt að börnin nái góðum árangri.
3. 100% foreldra finnst þeir vera velkomnir í skólann.
4. 100% foreldra finnst skólinn vel settur með starfslið.
5. 100% foreldra treysta starfsmönnum skólans.
6. 100% foreldra telja kennara barnsins leggja metnað sinn í að kennslan sé góð.
7. 100 % foreldra er ljóst hvaða stefnu skólinn hefur um foreldrasamstarf.

Veikleikar:

1. 52% foreldra eru frekar ósammála eða ekki sammála því að nemendum standi til boða fjölbreytt tólstundastarf á vegum skólans.
2. 44% foreldra segja að unglingar og börn í skólahverfinu fari stundum eða almennt ekki eftir reglum um útivistartíma.
3. 38% foreldra segjast stundum eða yfirleitt ekki taka þátt í foreldrastarfi skólans.
4. 35% foreldra segja að duglegir og afkastamiklir nemendur fái stundum eða almennt ekki námsefni og hvatningu í samræmi við það.
5. 31% foreldra segja að skólinn ráði stundum fram úr eineltismálum.

Niðurstöður könnunarinnar eru í heildina mjög ánægjulegar fyrir skólann og starfsfólk hans. Við þökkum traustið og vonum að við stöndum undir því. Foreldrar eru almennt mjög jákvæðir. Þá erum við að tala um samstarfið, námið, starfsfólkið, félagslífið og þann aðbúnað er snýr að nemendum. Sjá styrkleikar. Þó eru sum atriðin ekki alveg í fullkomnu lagi samkvæmt niðurstöðunum. Sjá veikleika. Þar eru atriði sem heimili og skóli þurfa að skoða betur í sameiningu.

Eitthvert misræmi var í niðurstöðum nemenda- og foreldrakönnunar þegar talað er um útivistartíma. Í könnun nemenda kemur fram að 78% nemenda segja krakkana sjaldan eða aldrei fara eftir reglum um útivist en 44% foreldra. Þessar ólíku niðurstöður foreldra og nemenda gefa tilefni til umræðu á heimilinu og í skólanum.

Samræmd próf 7.bekkir

Samræmd próf í 7. bekk voru nú lögð fyrir í febrúar vegna verkfalls grunnskólakennara á haustönn. 33 nemendur af 34 tóku prófið. Árangur í stærðfræði var 6,6 sem er 0,7 yfir Suðurlandskjördæmi, 0,3 yfir landinu og 0,1 yfir Reykjavík. Í íslensku var meðaleinkunn skólans 7,5 sem var 0,6 yfir Suðurlandskjördæmi, 0,2 yfir landinu og 0,1 yfir Reykjavík. Þessar einkunnir eru að sjálfsögðu ánægjulegar fyrir Hamarsskóla. Einkennandi fyrir hópinn eru áhugasamir og jákvæðir foreldrar sem halda vel utan um börnin sín og vinna vel með skólanum. Engir nemendur sem eiga við alvarlega hegðunar- eða námserfiðleika að etja eru í þessum árgangi. Nokkrir nemendur hafa notið sértæks stuðning í lestri og stærðfræði tímabundið. Báðar bekkjardeildirnar hafa notið þess að vera meira og minna með sömu kennarana frá upphafi.

Í viðbótarupplýsingum frá Námsmatsstofnun kemur fram að um 30% nemenda eru að sýna meiri eða umtalsvert meiri framfarir í íslensku en gerist á landinu öllu. Í stærðfræði er

árangurinn ennþá glæsilegri því þar eru það 40% nemenda sem ná þessum frábæra árangri. Niðurstaða okkar er sú að áhugi og iðni nemenda, ötult starf kennara og öflugur stuðningur foreldra sé ein af forsendum þessa. Hins vegar veldur það okkur áhyggjum að þeir nemendur sem eru með les- og stærðfræðihömlur ná ekki að halda í við jafnaldra sína þrátt fyrir góðan stuðning heima fyrir og nokkurn stuðning í skólanum.

Góður námsárangur þessa nemendahóps gefur þó vissulega ástæðu til bjartsýni um framhaldið.

1.7 Nemendakönnun - 10. bekkur

Í 10. bekk svöruðu 19 nemendur af 21 sem voru á skrá.

Styrkleikar:

- 7) 100% nemenda finnst skólinn góður eða frekar góður.
- 8) 100% nemenda telja að það skipti sig máli að standa sig vel.
- 9) 95% nemenda finnst aðstaða til náms í skólanum til fyrirmyndar eða frekar góð.
- 10) 95% nemenda telur að einelti í skólanum sé mjög lítið eða frekar lítið.
- 11) 95% nemenda hafa ekki kynnst vímuefnum
- 12) 95% nemenda reykja ekki.
- 13) 95% nemenda telja að einelti í skólanum sé mjög lítið eða frekar lítið.

Veikleikar:

- 6) 100% nemenda segja að þau vinni frekar sjaldan eða næstum aldrei hópverkefni eða samvinnuverkefni í kennslustundum.
- 7) 100% nemenda halda að krakkarnir í sínum bekk hafi stundað einhvers konar kynlíf.
- 8) 100% nemenda halda að krakkarnir í sínum bekk hafi drukkið/drekki áfengi.
- 9) 90% nemenda segir jafnaldra sína fara stundum eða næstum aldrei eftir reglum um útivistartíma (yfir veturinn).
- 10) 84% nemenda lesa bækur óreglulega eða næstum aldrei.

Könnunin spannaði 56 spurningar og til að geta lesið ákveðnar niðurstöður úr könnuninni reyndum við að flokka spurningarnar í ákveðna flokka. Eftir að við höfðum gert það áttum við auðveldar með að greina niðurstöðurnar og kom ýmislegt okkur á óvart og síðan voru aðrar niðurstöður í samræmi við könnun 10. bekkjar frá síðasta ári. Það sem kannski kom mest á óvart er hvað krakkarnir hafa allt aðrar hugmyndir um bekkjarfélaga sína en raunin er þegar kemur að kynlífi og drykkju – sjá veikleikar 2 og 3. **En 63% nemenda neyta ekki áfengis og 68% hafa ekki stundað kynlíf.** Í beinu áframhaldi af þessu má geta þess að krökkunum finnst að skólinn sé ekki að sinna hinum ýmsum forvörnum þegar kemur að þessum þáttum. Annars eru nemendur ánægðir með skólann og virðist líða vel í skólanum. Þeir eru ánægðir með starfsfólk skólans og telja sig fá þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda. Við sem störfum hér í skólanum höfum nú tækifæri til bæta starfið hjá okkur með tilliti til niðurstöðunnar og mun sú vinna hefjast fljótlega. Á næstunni munu umsjónarkennarar ásamt fagaðilum taka upp umræðuna um drykkjuvenjur og kynlífshegðun. Varðandi veikleika 4 og 5 þurfa heimili og skóli að taka sig á í sameiningu til að hvetja nemendur til að lesa meira og fara betur eftir útivistarreglum.

Foreldrakönnun – 10. bekkur

Styrkleikar:

1. 100% foreldra telja skólann hvetja barnið sitt til að skila góðum árangri.
2. 100% foreldra telja mikilvægt að börnin nái góðum árangri.
3. 100% foreldra finnst þeir vera velkomnir í skólann.
4. 100% foreldra telja að starfsmenn skólans komi fram við barnið af virðingu og sanngirni.
5. 100% foreldra telja að unglingar í skólahverfinu fái góðan stuðning til að komast áfram til náms.
6. 100% foreldra telja að unglingar í skólahverfinu séu reglusamir.

Veikleikar:

5. 62% foreldra telja að vinnufriður í bekk barnsins sé stundum eða oft ekki góður.
6. 53% foreldra telja að árangur síns barns sé undir væntingum.
7. 50% foreldra er frekar ósammála eða ekki sammála að einelti sé fátítt í skólanum.
8. 47% foreldra taka stundum eða yfirleitt ekki virkan þátt í foreldrastarfi skólans.
9. 41% foreldra eru frekar ósammála eða ekki sammála að agavandamál valdi ekki truflun á næði tímans og öryggi barna sinna.

Unnið var með niðurstöðurnar á svipaðan hátt og var gert með niðurstöður úr nemendakönnun. Niðurstöður könnunarinnar eru í heildina mjög jákvæðar fyrir skólann og starfsfólk hans. Foreldrar eru almennt mjög jákvæðir. Þá erum við að tala um samstarfið, námið, starfsfólkið, félagslífið og þann aðbúnað er snýr að nemendum. Sjá styrkleikar. Þó eru sum atriðin ekki alveg í fullkomnu lagi samkvæmt niðurstöðunum. Sjá veikleika. Þar eru atriði sem heimili og skóli þurfa að skoða betur í sameiningu.

Nokkurt misræmi var í niðurstöðum nemenda og foreldra. Má þar fyrst nefna að 100% foreldra telja að unglingar í skólahverfinu séu reglusamir. Í könnun nemenda kemur fram að 37% eru byrjuð að neyta áfengis. Einnig stangast niðurstöðurnar á þegar talað er um útvistartíma. Þessar ólíku niðurstöður foreldra og nemenda gefa tilefni til umræðu á heimilinu og í skólanum.

Samræmd próf í 10. bekk

22 nemendur af 23 tóku samræmt próf í stærðfræði. Meðaleinkunn skólans var 6,2 sem er 0,4 undir landsmeðaltali og jöfn Suðurkjördæmi. Í stærðfræði var meðaleinkunn 5 sem er 1,1 undir landsmeðaltali og 0,3 undir Suðurkjördæmi. Í ensku tóku 26 nemendur samræmd próf þar af 5 í 9. bekk. Meðaleinkunn skólans var 6,7 sem er 0,5 undir landsmeðaltali og 0,1 undir Suðurkjördæmi. Vegna þess hve hlutfall nemenda, sem þreytir próf í dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum er ólíkt eftir skólum og landshlutum er samanburður milli landshluta marklaus. Í nemendahópnum er mikil breidd í námsgetu og röðuðust einkunnir í stærðfræði á bilinu 1-9,5, í íslensku frá 4-9 og í ensku frá 4,5-9. Ellefu nemendur af þessum hópi hafa notið mikils stuðnings bæði námslega og félagslega. Upphaflega voru þessir nemendur í tveimur bekkjardeildum en voru sameinaðir í eina í 4. bekk. Ekki liggur fyrir framfarastuðull frá 4. upp í 10. bekk.

1.8 Svót-greining 2005

Allt starfsfólk skólans tók þátt í svót-greiningu á starfsmannafundi þann 18. maí síðast liðinn. Starfsfólki var skipt í hópa af handahófi og síðan kallað eftir niðurstöðum hópanna. Niðurstöður voru sem hér segir:

Styrkleikar:

Bjartsýni, starfsánægja, gott starfsfólk, snyrtilegur skóli, góðir nemendur, stöðuleiki í starfsmannahaldi, bætt útlit, Olweus-verkefnið, betri tölvukostur, einstaklingsmiðað nám, fámennar bekkjardeildir, einangrun, hæfileikaríkir kennarar, samstarf við önnur skólastig, nálægð við íþróttahús, nán tengsl, vinátta og samvinna, samstaða, fagleg vinnubrögð, góður aðbúnaður og gott skipulag, fámenni, staðsetning skólans og góð stjórnun.

Veikleiki:

Vantar fjölbreytni, skólalóðin, leiðin í íþróttahús, agaleysi, samskipti við skólayfirvöld, klukkurugl, fámenni, úrræðaleysi í agamálum, yfirfara tölvur, upplýsingarflæði ábótavant, of stórir lotuhópar, tölvur í stofum, smáhlutir, lítið val á unglíngastigi, samkvæmislíf of lítið, afturför í félagsstarfi unglínginga og prentara vantar í hverja álmu.

Ógnanir:

Afskiptaleysi foreldra, skilningsleysi skólayfirvalda, óvissa í sérkennslumálum, peningaleysi, engin framtíðarsýn, svartsýni, félagsleg vandamál og úrræðaleysi tengd þeim, stærð/smæð skólans, skólinn of mikil uppeldisstofnun, fækkun íbúa, vímuefni og skortur á endurmenntun.

Tækifæri:

Einstaklingsmiðað nám, smæð skólans/samfélagsins, nálægð við náttúruna, dagsferðir, fleiri verklegar greinar, samstarfsverkefni við önnur lönd, skóli á grænni grein, fjölbreytt starfslið, nálægð við stofnanir/fyrirtæki, Olweus-verkefnið, samstarf við önnur skólastig, foreldrasamstarf, betri samvinnu við skólaskrifstofu, óvissuferðir, Globe-verkefnið, úrræðagóðir starfsmenn og útikennsla.

Umræða

Kjörtímabilið sem nú er að líða hefur einkennst af stöðugum breytingum í yfirstjórn skólamála. Nú situr t.d. þriðji formaður skólamálaráðs. Einnig hafa kjaramál kennara haft áhrif á skólastarfið. Ef skoðaðir eru styrkleikar stofnunarinnar eins og starfsfólkið sér þá er samstaða og bjartsýni ríkjandi. Í ógnunum birtist hins vegar ákveðin svartsýni. Í veikleikum koma fram þættir sem auðvelt er að laga í flestum tilfellum. Tækifæri sér starfsfólk helst liggja í breyttum áherslum í námi og staðsetningu skólans.

Í starfsmannaviðtölum kom fram almenn ánægja með starfsandann, skólastjórnendur og samstarfsmenn. Starfsfólkið lýsti ítrekað yfir áhyggjum vegna þeirra hræringa sem hafa verið í skólaumhverfinu.

1.9 Breytingar á félagsstarfi unglínginga í grunnskólum

Um áramótin 2005 voru gerðar þær breytingar að meginábyrgðin á félagsstarfi á unglíngastigi var færð yfir til FÉLÓ. Eins og fram kemur í ársskýrslu Félagsmiðstöðvar þarf að endurskoða

Þetta fyrirkomulag. Á fundi með stjórn unglíngaráðs Hamarsskóla sem haldinn var á vordögum kom fram megn óánægja. Unglingarnir kvörtuðu yfir því að aldrei hefðu verið haldnir með þeim fundir, hvorki stjórnarfundir né vinnufundir og að skipulagi væri ábótavant. Það er því ljóst að þetta samstarf þarfnast róttækrar endurskoðunar.

1.10 Skýrsla skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri

Skýrslan er umfangsmikið plagg sem tekur á starfi allra þeirra stofnana sem koma að uppeldi, menntun og tómstundastarfi barna og unglíngna í Vestmannaeyjum. Í skýrslunni eru margar athyglisverðar ábendingar, sérstaklega hvað varða skólanámskrá skólans, enda í fyrsta skipti sem gerð er á henni fagleg úttekt. Skilningur skólamanna var sá að skýrslan væri umræðu og vinnuþagg sem viðkomandi stofnanir myndu nota til umræðu og úrbóta á næstu tveimur til þremur árum. Nú hefur það gerst að bæjaryfirvöld hafa tekið ákvörðun um skipulagsbreytingar á yfirstjórn grunnskóla og leikskóla sem setur starf þessara stofnana í uppnám.

1.11 Úrbætur

Úrbótaáætlun 2004-2005	Hvað var unnið með á síðasta skólaári?
Skýra verkaskiptingu stjórnenda	Endurskoðaðar starfslýsingar
Markviss stefna um hrós og hvatningu	Í vinnslu
Áætlun um úrbætur í kennslu og kennsluáðferðum	Áætlun um einstaklingsmiðað nám í ensku og stærðfræði. Aukin samvinna kennara innan árganga í átt að einstaklingsmiðuðu námi.
Einstaklingsmiðað nám fyrir alla	Námskeið um einstaklings miðaða nám.
Samanburður á námsárangri nemenda, mat á framförum	Lesturviðmið fest í sessi. Framfaraskýrslur námsmatsstofnunar.
Tómstundastarf	Samvinna við Féló sem þarfnast endurskoðunar.
Jafnréttisstefna	Í bið
Eineltismál	Olweusaráætlunin
Einstaklingsmiðaðar endurmenntunaráætlanir	Vantar fjármagn
Starflýsing umsjónarkennara	Liggur fyrir í starfmannahandbók
Stuðningur foreldra við forvarnaráætlun	Foreldrasamningur á unglíngastigi
Heilsuefning	Ákveðin þátttaka í "Allt hefur áhrif"
Aukning á tölvukosti	Stórbættur tölvukostur skólans

Úrbótaáætlun 2005-2006	Framkvæmd
Áfram verði unnið með agamál.	Punktakerfið endurskoðað
Samvinna heimilis og skóla um útivist og forvarnir.	Áfram verði unnið með foreldrasamning sem varðar útivist grunnskólanema.
Eineltismál	Olweusaráætlun gegn einelti í skólum verði notuð.
Áætlun um úrbætur í kennslu og kennsluaðferðum	Áætlun í stærðfræði og ensku hrint í framkvæmd. Áfram samvinna innan aldursstiga með áherslu á einstaklinginn.
Áfram verði unnið öflugt forvarnarstarf í skólanum.	Líffræði, lífsleikni, skólahjúkrunarfræðingur og aðfengnir fyrirlestrar.
Félagstarf unglunga verði tekið til endurskoðunar.	Endurskoðaður samstarfsamningur við Féló
Framboð á tómstundastarfi verði endurskoðað, m.a. með tilliti til aukningar á listnámi.	Aukið samstarf við tónlistarskólann, Féló o.fl.
Unnið verði að því að bæta samskipti við yfirvöld skólamála.	Skólafólk fái að fylgjast með fyrirhuguðum breytingum í skipulagi skólamála í bæjarfélaginu og því skapaður vettvangur til skoðanaskipta við yfirvöld.
Heilsuefling	Þátttaka í "Allt hefur áhrif"
Umhverfismennt	Þátttaka í Grænánaverkefni.
Jafnrétti	Jafnréttisáætlun verði unnin í skólanum
Samanburður á námsárangri nemenda, mat á framförum	Lestrarviðmið fest í sessi. Framfaraskýrslur námsmatsstofnunar o.fl.

1.12 Að lokum

Sjálfsmat skóla er ætlað til að stuðla að umbótum í skólastarfi. Foreldrar, nemendur og starfsmenn hafa veitt skólanum stuðning í því að vera sífellt með augun opin og benda á það sem betur má fara. Veturinn 2005-2006 mun verkefnisstjórn starfa sem á að vinna að gerð nýrrar skóla- og æskulýðsstefnu fyrir Vestmannaeyjabæ. Það er von allra í Hamarsskóla að það starf verði unnið í fullu samráði við alla þá sem málið varðar.